

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Hnífsdalur 5. nóvember 2019

**Efni: Bakkaskjól**

Á fundi hverfisráðs Hnífsdals þann 4. nóvember sl. var rætt um húsnæði Bakkaskjóls. Formanni var falið að senda inn bréf og óska eftir upplýsingum um hvað bærinn ætlar sér með húsnæðið. Húsnæðið hefur ekki fengið neitt viðhald undanfarin ár og er bæjarfélaginu til háborinnar skammar.

Öllum er ljóst að óbreytt ástand verður ekki lengur við unað, stjórnin krefst þess að bærinn ákveði hvað hann ætlar sér með húsnæðið hið fyrsta.

Kveðja

Jóhann Birkir Helgason  
Formaður Hverfisráðs Hnífsdals